

3  
10. jan. að geyma tíðindin, og á sínum tíma afhenda þau eptirmanni sínum í hreppstjórninni, vil jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að hlutast til um, að þetta verði kunngjört í umdæmi yðar, svo og að leggja fyrir sýslumennina að sjá um útbýtingu viðkomandi exemplara til hinna einstöku hreppa hvers um sig. Í þessu tilliti munu sýslumönnum verða send hjeðan með póstum að minnsta kosti fjórum sinnum á ári saman við þau expl. af stjórnartíð. A, er samkvæmt brjefi mínu frá 1. ág. f. á. (Stjórnart. 1878 B. 108) eru send sýslumönnum til útbýtingar meðal hreppstjóra, jafnmörg expl. af B deild stjórnartíðindanna, og ber sýslumönnum þar eptir svo fljótt, sem unnt er, að útbýta þeim þannig, að hver hreppur sýslunnar fái 1 expl. — Þar að auki ber þeim að því er unnt er, að hafa eptirlit með því, að hreppstjórar geymi expl. þau af A og B deild stjórnartíðindanna, er þeim eru send, og þegar þeir á sínum tíma fara úr hreppstjórninni afhendi þau eptirmanni sínum.

Sýslumenn skulu, undir eins og þeir taka við stjórnartíðinda-sendingu, gæta að því, hvort nokkuð vanti í hana, og ef svo er, tafarlaust gefa ritstofu landshöfðingja skýrslu um það.

4  
11. jan. — *Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um skatt af embættistekjum presta.* — Í brjefi frá 27. f. m. hafa stiptysfirvöldin látið í ljósi álit sitt um fyrirspurn prestsins á Vestmannaeyjum viðvíkjandi skyldu hans til að greiða tekjuskatt, og segið þjer meðal annars þetta:

1, Þar eð presturinn sjálfur býr á prestssetrinu Ofanleyti, og arðurinn af ábúð þess þannig rennur beinlínis til hans sjálfs, virðist hann eptir niðurlagsákvörðuninni í 5. gr. í lögum um tekjuskatt frá 14. desbr. 1877 ekki eiga að greiða þenna skatt af tekjum þeim eða tekjuauka, sem hann má álitast að hafa við það, að honum eru veitt leigulaus afnot prestssetursins.

3, Þegar prestur missir nokkurs í af embættistekjum sínum fyrir þá sök, að þær í raun og veru eru ófáanlegar hjá gjaldþegnum sökum örbyrgðar þeirra, þá virðist ekki eiga að reikna með sem skattskyldar þær tekjur, er þannig missast og ekki koma prestinum að neinum notum, án þess að hann geti við því gjört. Þar á móti virðist ekki næg ástæða til að undantaka þær tekjur frá skattinum, sem presturinn að vísu ekki hefir fengið, en sem hann sjálfur hefir eptirgefið, ef til vill af því, að hlutaðeigandi gjaldþegn átti bággt með að greiða þær af hendi, en samt sem áður án þess, að það sje sannad, að ekki hafi verið mögulegt að ná þeim hjá gjaldþegnum; en þetta virðist meiga álíta eptir ástæðum nægilega sannað, ekki einungis þegar gjörð hefir verið árangurlaus fjárnámstilraun hjá hlutaðeiganda, heldur einnig, þegar það að öðru leyti er vitanlegt, að hann er hreinn öreigi, t. a. m. þegar maður á gjalddaga hefir flosnað upp sökum bjargarleysis, svo að sveitin hefir orðið að taka heimilið að sjer til ráðstöfunar og framfærslu.

Með því jeg er yður samdóma um það, sem þjer þannig hafið tekið fram, vil jeg biðja yður að svara hlutaðeigandi presti samkvæmt þessu.

5  
21. jan. — *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um gjaldheimtur og reikningsskil.* — Með umburðarbrjefi frá 16. maí 1876 (stj.tíð. B 51) til bæjarfógeta, sýslumanna og umboðsmanna um gjaldheimtur og reikningsskil, var það brýnt fyrir nefndum

embættismönnum, að fara nákvæmlega eptir fyrir mælum reglugjörðar 13. febr. 1873, og sjer í lagi var þeim fyrirskipað, að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt opnu brjefi 2. apríl 1841, til þess að ná gjöldum þeim, er ekki væru greidd í gjalddaga, og svo fljótt sem auðið væri í seinasta lagi 4 vikum eptir gjalddaga að senda amtmanni skrá um hin óloknu gjöld með beiðni um lögtaksskipun á þeim, og loksins þegar 24 vikur væru af sumri, að senda landshöfðingja vottorð um, hvað samkvæmt þessu þá hefði verið gjört með tilliti til gjalda þeirra, er greiðast áttu á manntalsþingum eða í fardögum, og þar að auki gjöra skil fyrir, á hvern hátt þeir hefðu borgað inn í landssjóð þau gjöld, er þeir hefðu innheimt; og ber vottorði þessu að fylgja skrá, samin eptir fyrirmyndinni við umburðarbrjefið (stj.tíð. B. 1876 bls. 55) um gjöld þau, er þá kynnu að vera ógreidd. Jafnframt þessu var í umburðarbrjefinu brýnd fyrir reikningshöldurunum skylda þeirra til samkvæmt 4. grein reglugjörðar 13. febr. 1873 að borga inn í landssjóð gjöld þau, er þeir hefðu innheimt, undir eins og þau væru greidd þeim, í síðasta lagi með fyrstu póstferð, eptir að þetta hefði átt sjer stað.

Þar eð sumir reikningshaldarar síðan hafa vanrækt að fara eptir fyrir mælum þessum, og afleiðingin af þessu hefir orðið, að í lok hvers reikningsárs hefir verið útistandandi sem ógreitt í landssjóð talsvert af fje því, sem hlýtur að hafa verið golið reikningshöldurunum, vil jeg hjer með skora á yður, herra amtmaður, að brýna fyrir öllum sýslumönnum, bæjarfógetum og umboðsmönnum í umdæmi yðar, að þeim beri að gæta nákvæmlega fyrirskipana þeirra, er gjörðar eru í umburðarbrjefi 16. maí 1876 og jafnframt gefa þeim til kynna, að ef þeir eptirleidis breyti út af þessu, muni þeir verða látnir sæta ábyrgð fyrir það.

Bresti gjaldanda peninga sbr. 5. gr. laga 14. desbr. 1877 um skatt á ábúd og afnotum jarða og á lausafje, er reikningshaldari skyldur til þess að sjá um, að landaurum þeim, er hann tekur við, verði komið í peninga fyrir lok sumarkauptíðar, en við engri «innskrift» eða ávísun á innlendan kaupmann má hann taka, nema því að eins að kaupmaðurinn sje fær um að borga fyrir sumarkauptíðarlok innskriftina annaðhvort með peningum út í hönd eða með ávísun á áreiðanlegt verzlunarhús í Kaupmannahöfn.

Loksins mælist jeg til þess, að þjer herra amtmaður, um leið og þjer sendið hingað sýslu og umboðsreikninga fyrir 1878 skýrið mjer frá, hvort reikningshaldarar hafi á þessu ári gætt fyrir mælanna í 2. gr. umburðarbrjefs 16. maí 1876 með tilliti til þeirra gjalda, sem ekki hafa verið greidd í landssjóð, fyrr en um leið og reikningurinn var saminn.

— *Bjef landshöfðingja til beggja amtmanna um manntalsbókarfyrirmynd.* — Samkvæmt tillögum amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu hefi jeg samið hjálagða fyrirmynd fyrir manntalsbókum sýslumanna eins og þær verða samkvæmt hinum nýju skattalögum. Jeg hefi ekki álitíð það nauðsynlegt að sundurliða tekjuskattinn í eignarskatt og atvinnuskatt, eða að hafa í fyrirmyndinni skýrslu um hin einstöku atriði, er skattur þessi og húsaskatturinn byggjast á, þar sem reikningshaldari verður að hafa við hendina á þingum, og síðan láta fylgja reikningi sínum eptirrit eptir tekjuskattsskrá yfirskattanefndarinnar og húsaskattsskránni.

Fyrirmyndin er hin sama fyrir kaupstaði og hreppa. Í fyrsta dálki á í hreppum að rita nöfn jarða þeirra, er gjaldþegnar búa á, en í kaupstöðum skal rita í þenna dálk